

# Fundargerð



MÝVATN

## Sveitarstjórn Skútustaðahrepps.

### *60. fundur.*

að Hlíðavegi 6, 11. júní 2009, kl. 13:30.

#### DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Ársreikningur 2008, seinni umræða.
3. Endurskoðun aðalskipulags, drög að stefnu sveitarstjórnar. Árni Ólafsson mætir til fundarins.
4. Erindi frá sýslumanni v/endurnýjunar á rekstrarleyfi til handa Jóni Illugasyni f.h. Eldár ehf., var frestað á fundi 28.05.
5. Styrkbeiðni frá Úlfalda úr mýflugu.
6. Erindi frá sýslumanni v/rekstrarleyfis til handa Hallgrími Hallssyni f.h. H. Hallssonar ehf.
7. Erindi frá Árna Halldórssyni, umsókn um stofnun nýrrar lóðar.
8. Erindi frá UST, þar sem óskað er umsagnar um tillögu að verndaráætlun Mývatns og Laxár, var frestað á fundi 28.05.
9. Fundargerð Landbúnaðarnefndar frá 8. júní.
10. Grenjaskyttur mæta til fundarins.

Til kynningar.

Fundargerð stjórnar Dvalarheimilis aldraðra frá 29 apríl.

Mættir: Margrét Hólm Valsdóttir, Ingunn Guðbjörnsdóttir, Kristján Stefánsson, Dagbjört Bjarnadóttir, Böðvar Pétusson.

**1. Fundarsetning.**

Oddviti setti fund.

**2. Ársreikningur 2008, seinni umræða.**

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu 277,3 millj. kr. samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi fyrir A og B hluta en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum að fjárhæð 288,3 millj. kr. Rekstrartekjur A hluta námu 270,4 millj. kr. en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum að fjárhæð 265,7 millj. kr. Álagningarhlutfall útsvars var 13,03% sem er lögbundið hámark þess. Álagningarhlutfall fasteignaskatts nam 0,625% vegna íbúðarhúsnæðis og 1,65% vegna atvinnuhúsnæðis sem er lögbundið hámark þess. Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi A og B hluta var jákvæð um 0,6 millj. kr. en samkvæmt fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir 12,8 millj. kr. jákvæðri rekstrarniðurstöðu. Rekstrarniðurstaða A hluta var jákvæð um 8,3 millj. kr. en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir jákvæðri rekstrarniðurstöðu að fjárhæð 18,8 millj. kr. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok nam 381,8 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi, en eigið fé A hluta nam 293,5 millj. kr.

Laun og launatengd gjöld á árinu námu alls 141,6 millj. kr. en starfsmannafjöldi hjá sveitarfélaginu nam 31 stöðugildi.

Íbúafjöldi Skútustaðahrepps 1. desember 2008 var 388 og fækkaði um 15 frá fyrra ári.

Kjörnir skoðunarmenn hafa haft samband við sveitarstjóra og tjáð honum að þeir geri ekki athugasemdir við reikninginn að öðru leit en verið hefur þ.e. að óþolandi sé að stórar upphæðir standi enn út af vegna óinnheimtra tekna af sölu heits vatns.

**3. Endurskoðun aðalskipulags, drög að stefnu sveitarstjórnar. Árni Ólafsson mætir til fundarins.**

Í aðalskipulagi sveitarfélags skal koma fram stefna sveitarstjórnar um landnotkun, samgöngu- og þjónustukerfi, umhverfismál og þróun byggðar. Árni Ólafsson frá Teiknistofu Arkitekta fór yfir drög að nefndri stefnu. Stefnt er að vinnufundi í haust.

**4. Erindi frá sýslumanni v/endurnýjunar á rekstrarleyfi til handa Jóni Illugasyni f.h. Eldár ehf., var frestað á fundi 28.05.**

Á fundi sveitarstjórnar 28. maí var frestað að taka fyrir erindi sýslumanns þar sem óskað var umsagnar sveitarstjórnar um leyfi til handa Jóni Illugasyni f.h. Eldár ehf. til reksturs gistingar að Helluhrauni 9 og 16.

Sveitastjórn gerir ekki athugasemdir við að leyfi verði veitt til reksturs gistingar að Helluhrauni 9.

Varðandi Helluhraun 16 samþykkir sveitarstjórn að leggjast ekki gegn því að leyfið verði veitt en setur þau skilyrði að leyfið verði einungis veitt til eins árs

í senn og að tryggt verði að umferð gesta Eldár ehf. teppi ekki aðgengi að Heilsugæslustöðinni.

**5. Styrkbeiðni frá Úlfalda úr mýflugu.**

Elísabet Sigurðardóttir f.h. skipuleggjanda tónlistarveislunnar Úlfaldi úr mýflugu, sem haldin verður í Mývatnssveit í annað sinn 10. og 11. júlí n.k. óskar eftir stuðningi sveitarfélagsins við verkefnið.  
Sveitarstjórn samþykkir styrk kr. 50.000,-

**6. Erindi frá sýslumanni v/rekstrarleyfis til handa Hallgrími Hallssyni f.h. H. Hallssonar ehf.**

Með bréfi dags. 28. maí er óskað umsagnar sveitarstjórnar um rekstrarleyfi til handa Hallgrími Hallssyni f.h. H. Hallssonar til reksturs gistingar, flokkur III, í Veiðiheimilinu Hofi.  
Sveitarstjórn gerir fyrir sitt leyti ekki athugasemdir við að leyfið verði veitt.

**7. Erindi frá Árna Halldórssyni, umsókn um stofnun nýrrar lóðar.**

Fyrir fundinum liggur umsókn frá Árna Halldórssyni Garði 1, þar sem óskað er eftir heimild sveitarstjórnar til að stofna 560 m<sup>2</sup> lóð undir eldra íbúðarhúsið að Garði 1.  
Sveitarstjórn samþykkir fyrir sitt leyti að umrædd lóð verði stofnuð.

**8. Erindi frá UST, þar sem óskað er umsagnar um tillögu að verndaráætlun Mývatns og Laxár, var frestað á fundi 28.05.**

Sveitarstjórn samþykkir að fela Margréti, Dagbjörtu og Guðrúnu að gera athugasemdir við verndaráætlunina.

**9. Fundargerð Landbúnaðarnefndar frá 8. júní.**

Í öðrum lið fundargerðarinnar er tekin fyrir áburðardreifing á Austurafrétti sumarið 2009. Samkvæmt landbótaáætlun 2007-2010 skulu landnýtendur sjá um áburðardreifingu á afréttinum. Í ár verða borin á 27,6 tonn af áburði. Áburðardreifingunni er deilt niður á fé til fjallskila skv. gangnaseðli síðasta árs, þó þannig að þeir sem eiga mjög fátt fé fari annað hvert sumar, hinir á hverju sumri.  
Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við fundargerðina.

**10. Grenjaskyttur mæta til fundarins.**

Ingi Þór Yngvason og Gunnar Rúnar Pétursson mættu til fundarins. Farið var yfir fyrirkomulag refaveiða í sveitarfélaginu.

Fleira ekki gert.  
Fundi slitið.  
Margrét Hólm Valsdóttir,  
Ingunn Guðbjörnsdóttir,  
Kristján Stefánsson,  
Dagbjört Bjarnadóttir,  
Böðvar Pétusson.